

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Öldungur hf., sem rekur hjúkrunarheimilið Sóltún gera með sér eftirfarandi samkomulag um forsendur röðunar starfa:

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu SFV (áður Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu) og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hins vegar. Núgildandi stofnanasamningur milli Öldungs hf., og hjúkrunarfræðinga framlengist, með eftirfarandi breytingum, sem taka gildi 1. janúar 2013.

1. Við undirritun samkomulags þessa hækka allir hjúkrunarfræðingar í starfi á Sóltúni um einn launaflokk að lágmarki skv. gildistíma samkomulagsins.
2. Grein 4a. verður með eftirfarandi hætti:

Launasetning hjúkrunarstjóra verður framkvæmd með einstaklingsbundnum samningum við framkvæmdastjóra.

<u>Starf</u>	<u>Skýring</u>	<u>Launaflokkur</u>
Hjúkrunarfræðingur A;	er byrjandi, < 3mán starfsaldur	022 - 031
Hjúkrunarfræðingur B;	er byrjandi kominn vel á veg í starfi < 2 ár	032 - 041
Hjúkrunarfræðingur C;	er fær í starfi.	041 - 061
Hjúkrunarfræðingur D-;	er mjög vel fær í starfi,	061 - 091
D-s (aðst.hjúkrunarst.);	launaður staðgengill hjúkrunarstjóra,	081 -
Hjúkrunarfræðingur E	sérfræðingur í tiltekinni fræðigrein hjúkrunar og hefur að öllu jöfnu meistaraþráðu í hjúkrunarfræði	071 - 91

3. Grein 4b. verður með eftirfarandi hætti:

Um viðmið launa vegna viðbótarmenntunar skal byggt á eftirfarandi viðmiðum:

Viðbótarmenntun - að lágmarki 30 ECTS einingar.....	1 flokkur og 1 þrep
Meistarapróf	1 flokkur og 2 þrep
Doktorspróf	2 flokkar og 1 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að tveimur launaflokkum og einu þrepi, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms.

Handwritten signature and initials in the bottom right corner.

Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí- og endurmenntun

- **Viðbótarmenntun/ Diplómapróf**

Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum hækkar um einn flokk og eitt álagsþrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.

- **Meistarapróf**

Starfsmaður með meistarapróf eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækki sem nemur einum launaflokki og tveimur álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launaflokka vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um eitt álagsþrep.

- **Doktorspróf**

Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækki sem nemur tveimur flokkum og einu álagsþrepi ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna mastersprófs fellur niður eitt þrep en við bætist einn launaflokkur við það að ljúka doktorspróf

Reykjavík 16. október 2013

F.h. Öldungs:

Annabritt Jónsdóttir
María Jónsdóttir

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Engibjörg S. Sigurðardóttir
Kristín María Þórdardóttir
Jónna Siggveinadóttir